

Miðvikudaginn 17. janúar 1990.

Nr. 22/1988. **Gunnar Benediktsson**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Sparisjóði Súðavíkur

(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Útivist í héraði. Vinnusamningur. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s.m. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraði eða lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til löglegrar meðferðar. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda, og til þrautavara krefst hann þess, að krafa stefnda verði lækkuð í 10.641,00 krónu með vöxtum, eins og krafist er af stefnda. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu hans til þess að greiða sérstakan söluskatt og virðisaukaskatt af keyptri lögmannsþjónustu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Áfrýjandi telur, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, þar sem málið sé höfðað á röngu varnarþingi. Mál þetta var höfðað fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu, en heimilisvarnarþing áfrýjanda er í Kjósarsýslu. Í ráðningarsamningi (vinnusamningi) áfrýjanda 29. apríl 1982 var svo samið, að mál, sem rísa kynni vegna hans, mætti reka fyrir bæjarþingi Ísafjarðar. Lýsing á starfi áfrýjanda, sem fyrir liggur í málinu, ber með sér, að starf hans var fyrst og fremst fylgið í reikningshaldi og fjárvörslu. Stefndi heldur því fram, að áfrýjandi hafi notfært sér aðstöðu sína til að greiða sér laun umfram það, sem honum var heimilt samkvæmt ráðningarsamningi. Telja verður, eins og hér

stendur á, að rétt hafi verið samkvæmt 79. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði að höfða mál þetta fyrir aukadómþingi Ísafjarðarsýslu. Verður hinn áfrýjaði dómur því ekki ómerktur af þessum sökum.

Áfrýjandi sótti ekki þing héraði, og var honum þó löglega stefnt. Útivist sína telur hann hafa stafað af óviðráðanlegum atvikum, sbr. b-lið 110. gr. i.f. laga nr. 85/1936, og hafi því forföll hans verið lögmæt. Útivist sína skýrir áfrýjandi þannig, að lögmaður hans hafi falið lögmanni á Ísafirði að mæta við þingfestingu málsins f.h. áfrýjanda. Samkvæmt yfirlýsingu þess lögmanns féll mæting hans niður „af einhverjum óskiljanlegum ástæðum“. Ekki hefur verið sýnt fram á, að hér hafi verið um lögmæt forföll að ræða. Þykir þannig ekki hafa verið afsakanlegt, að áfrýjandi hafði ekki uppi málsástæður sínar og kröfur í héraði, og verður þeim því eigi komið að fyrir Hæstarétti samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973. Á þetta einnig við um þrautavarakröfu áfrýjanda hér fyrir dómi. Verður málið dæmt í því horfi, er það lá fyrir héraðsdómara.

II.

Fyrir Hæstarétti lýstu aðilar því yfir, að eingöngu væri ágreiningur um það, hvort um ráðningarkjör áfrýjanda hafi gilt kjarasamningur starfsmanna bankanna. Samkvæmt 10. gr. ráðningarsamnings áfrýjanda skyldu föst laun hans vera samkvæmt 11. launaflokki bankamanna að viðbættum 2 eftirvinnutímum á dag. Í 16. gr. ráðningarsamningsins var ákvæði þess efnis, að um vinnusamband aðila gildi að öðru leyti ákvæði laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, eftir því sem við gæti átt. Stefndi var ekki aðili að kjarasamningi íslenskra bankamanna, og áfrýjandi var ekki meðlimur í Sambandi íslenskra bankamanna. Ósannað er, að ákvæði kjarasamnings starfsmanna bankanna hafi átt að gilda um ráðningarkjör áfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en vexti, sem verða eins og í dómsorði segir.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 40.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til reglna um söluskatt og virðisaukaskatt af lögmannsþjónustu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðast dráttarvextir samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, þó aldrei hærri en 30% ársvextir.

Áfrýjandi, Gunnar Benediktsson, greiði stefnda, Sparisjóði Súðavíkur, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 16. júlí 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júní 1987, er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri stefnda, Gunnari Benediktssyni, þ. 26.5. 1987, á heimili hans að Byggðarholti 3 A, Mosfellssveit, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 106.537, með 2,5% ársvöxtum frá 1.12. 1983 til 20.1 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, en með 3,75% drv. á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til 1.3. 1985, en með 4% drv. frá þ.d. til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. frá þ.d. til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. frá þ.d. til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. frá þ.d. til 1.3. 1987 en með 2,5% drv. frá þ.d. til greiðsludags, auk vaxtavaxta. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og/eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera til komna með þeim hætti að stefndi hafi notfært sér aðstöðu sína sem sparisjóðsstjóri til þess að greiða sér kr. 62.914,- í laun umfram það, sem honum bar samkvæmt vinnusamningi. Þá hafi hann látið sparisjóðinn greiða kostnað vegna sín án þess að draga það frá launum sínum. Þannig skuldi hann sparisjóðnum kr. 42.248 vegna húsaleigu og kr. 1.375 vegna rafmagns. Samtals gera fjárhæðir þessar kr. 106.537, sem eru stefnufjárhæð málsins. Beri stefnda að endurgreiða fjárhæðir þessar með vöxtum og kostnaði samkvæmt almennum reglum samninga- og kröfuréttar.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 36.000.

Dóminn kvað upp Þuríður Kr. Halldórsdóttir fulltrúi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Benediktsson, nnr. 3340-4493, greiði stefnanda, Sparisjóði Súðavíkur, kr. 106.537 með 2,5% dráttarvöxtum frá 1.12. 1983 til 20.1. 1984, en 19% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þ.d. til 1.2. 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þ.d. til 1.3. 1985, en með 4% dráttarvöxtum frá þ.d. til 1.6. 1985, en með 3,5% drv. frá þ.d. til 1.9. 1985, en með 3,75% drv. frá þ.d. til 1.3. 1986, en með 2,75% drv. frá þ.d. til 1.4. 1986, en með 2,25% drv. frá þ.d. til 1.3. 1987, en með 2,5% drv. frá þ.d. til greiðsludags að viðbættum vaxtavöxtum, sem reiknast einu sinni á ári eftir 20.2. 1985, og kr. 36.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
